

|   |        |        |
|---|--------|--------|
| 8. Mæliker:                                     |        |        |
| Rúmtak 1 dl–1 l .....                           | Kr.    | 200,00 |
| Rúmtak 10 dl–50 dl .....                        | —      | 200,00 |
| Rúmtak vínmæla (veitim. og kúlum.) 3–6 cl ..... | —      | 280,00 |
| 9. Rennslismælar:                               |        |        |
| Rennslismælar fyrir olíur og bensín .....       | Kr.    | 380,00 |
| Bensín og olíusölumælar .....                   | —      | 350,00 |
| 10. Rennslismælar fyrir mjólk .....             | Kr.    | 380,00 |
|   | 2. gr. |        |
| Vottorðsgjald .....                             | Kr.    | 400,00 |

## 3. gr.

Auk löggildingargjalds reiknast kaupgjald fyrir starfsmenn Löggildingarstofunnar samkvæmt taxa hennar fyrir selda vinnu.

Brot úr klukkustund reiknast sem ein klukkustund.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á Löggildingarstofunni, reiknast auk kaupgjalds, ferðakostnaður og iðgjald af váttryggingu á tækjum og ferðatryggingum.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast gildi 15. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 28/1987.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. desember 1987.*

**Jón Sigurðsson.**

*Hjalti Zóphóníasson.*

## AUGLÝSING

### um friðlýsingu Eldborgar undir Geitahlíð.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, hafa Náttúruverndarráð og náttúruverndarnefnd Grindavíkur ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti Stóru-Eldborg og Litlu-Eldborg undir Geitahlíð, Grindavík, ásamt næsta nágrenni.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru eftirfarandi:

Að norðan fylgja þau mörkum hrauns og hlíðar, 200 m austur fyrir nyrstu gíga í gígaröð Litlu-Eldborgar. Þaðan hugsast bein lína í austurhorn hrauntraðar frá Litlu-Eldborg um 225 m sunnan borgarinnar. Síðan bein lína í vestnorðvestur að þjóðvegi, eftir honum að vesturjaðri hraunsins frá Stóru-Eldborg. Að vestan fylgja mörkin hraunjaðrinum.

Eftirfarandi reglur gilda um svæðið:

1. Gjalltaka og mannvirkjagerð er óheimil, svo og hvers konar jarðrask, sem breytir eða veldur skemmdum á útliti gíganna.
2. Skylt er vegfarendum að sýna varúð, svo að ekki spillist gróður eða aðrar minjar á hinu friðlýsta svæði umhverfis eldstöðvarnar.

3. Akstur utan vega og merktra slóða er óheimill.
4. Beitarréttindi skulu haldast svo sem verið hefur.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs og náttúruverndarnefndar Grindavíkur.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Menntamálaráðuneytið, 10. desember 1987.*

**Birgir Ísl. Gunnarsson.**

*Runólfur Þórarinnsson.*

Fylgiskjal.

